REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003.

1. gr.

Á eftir orðunum „Framlög skulu greidd sveitarfélögum“ í a-lið 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar kemur: að 3/4 hlutum fyrir 1. nóvember ár hvert en endanlegt uppgjör fer fram fyrir árslok á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga, sbr. 1. mgr. 12. gr.

2. gr.

Á eftir orðunum „1. janúar 2005“ í ákvæði til bráðabirgða kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er þó að greiða eftir þann tíma framlög til framkvæmda sem hefjast fyrir lok árs 2004, enda liggi fyrir mat ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um að brýn þörf sé á viðkomandi framkvæmdum. Framlög vegna framkvæmda á árinu 2005 skulu miðast við verkstöðu í lok þess árs.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. júlí 2004.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

Nr. 639 27. maí 2004

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Lækjargata – Hringbraut – Öldugata“ vegna lóðar fyrir spennistöð við Lækjargötu í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að gerð er ný lóð fyrir spennistöð vestan við núverandi staðsetningu.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 27. maí 2004.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Breytingin öðlast gildi nú þegar.

F.h. skipulags- og byggingarfulltrúa, 27. maí 2004.

Anna Margrét Tómasdóttir,
arkitekt umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar.